

# Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2009

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson



## Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf


Forsíðumynd: Fljótaá.

Myndataka: Eik Elfarsdóttir

# Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2009

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson

Apríl 2010



## Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf



## **Inngangur og aðferðir**

Rannsóknir hafa verið gerðar á seiðastofnum í vatnakerfi Fljótaár flest ár frá 1986. Í ánni sjálfri hafa rannsóknirnar farið fram með sambærilegum hætti ár hvert en hin síðari ár hefur verið lögð aukin áhersla á að skoða hliðarár Fljótaár betur. Tilgangur þessara rannsókna er að fá yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga sem og útbreiðslu, afkomu og vöxt seiðanna í ánni og eru rannsóknirnar framkvæmdar með rafveiðum. Á grundvelli þessara upplýsinga sem og veiðitalna er hægt að leggja mat á heildarástand fiskistofna Fljótaár.

Hinar hefðbundnu rannsóknir fóru fram 1. september 2009 og var veitt á 11 stöðum víðsvegar á vatnasvæðinu. Veitt var á hefðbundnu veiðistöðunum fimm í Fljótaá, í þremur lækjum/ám sem renna í hana, á tveimur stöðum í Hvammslæk og á einum stað í Straumlæk, Skeiða, Reykjaá og Brúnastaðaá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 76 – 300 m<sup>2</sup> en minni svæði voru veidd þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánum leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins og er því veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir sem eru einkennandi fyrir einstaka árkafla.

Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðisvæðisins. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarpéttleika:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$  (tölur 1 – 2).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Meðallengd og þyngd allra laxa- og bleikjuseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverri stöð (tölur 3-8). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$ .

Vísitala lífþyngdar var einnig reiknuð út fyrir allra árganga seiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu stöð:  $lífþyngd \text{ á } 100m^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100m^2$  (töflur 9-10).

Einnig voru teknar saman veiðitölur sumarsins 2009 (töflur 11 – 12, mynd 4).

## **Niðurstöður rafveiða**

Við Bakkavað var efsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá (mynd 1). Þar veiddist aðeins eitt vorgamalt laxaseiði (tafla 1, mynd 2a) og nokkur vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3a). Haustið 2008 veiddust þarna eins- og tveggja ára laxaseiði, nokkur sleppiseiði sem og tveir árgangar bleikjuseiða (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST/09018).

Næstefsti rafveiðistaðurinn, efri viðmiðunarstaður, var talsvert ofan við ármót Fljótaár og Skeiðár (mynd 1). Þéttleiki vorgamalla laxaseiða var talsverður og sá mesti sem fannst í ánni að þessu sinni, auk þess varð vart við eins árs seiði (tafla 1, mynd 2a). Nokkuð fannst af vorgömlum bleikjuseiðum en ekki veiddust nein eldri seiði (tafla 2, mynd 3a).

Rafveitt var rétt neðan við neðri rafstöð (mynd 1). Þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára. Þéttleiki allra árganganna reyndist svipaður og í hærri kantinum ef miðað er við aðra rafveiðistaði haustið 2009 (tafla 1, mynd 2a). Þrjú árgangar bleikjuseiða fundust einnig og voru vorgömul seiði í talsverðum þéttleika en mun minna var þar af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Við Bjarnargil (mynd 1) voru árgömul laxaseiði í mestum þéttleika en einnig varð vart við bæði vorgömul og tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Töluverður þéttleiki fannst af vorgömlum bleikjuseiðum en ekki reyndist þar eins mikið af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá var rétt ofan við ósinn, við brúna á þjóðveginum (mynd 1). Þar veiddust nokkur vorgömul laxaseiði og eitt árgamalt (tafla 1, mynd 2b). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist en engin eldri (tafla 2, mynd 3a). Talvert

fannst af hornsílum en einnig veiddist einn 12,3 cm langur ósakoli og er það í fyrsta skipti sem þessi fisktegund finnst í Fljótaá.

Rafveitt var í Straumlæk fyrir ofan brú en hann rennur í Fljótaá við Bakkavað (mynd 1, staður 1). Þar veiddust þrír árgangar laxaseiða en aðeins fannst eitt seiði af hverjum árgangi (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði voru þar í talsverðum þéttleika og árgömul seiði voru einnig í nokkru magni (tafla 2, mynd 3b). Ekki var veitt neðan brúar að þessu sinni.

Hvammslækur rennur einnig í Fljótaá við Bakkavað (mynd 1). Þar var rafveitt bæði fyrir ofan ræsi í vegi (staður 3) og fyrir neðan það (staður 4). Ekki varð vart við laxaseiði í rafveiðunum (tafla 1). Vorgömul bleikjuseiði voru hinsvegar í nokkuð miklum þéttleika á báðum rafveiðistöðunum og á þeim efri, stað 3, voru árgömul seiði einnig í talsverðu magni (tafla 2, mynd 3b).

Rafveitt var í Skeiðaá talsvert ofan við ármót við Fljótaá (mynd 1) og fannst þar eitt árgamalt laxaseiði (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði voru hinsvegar í mjög miklum þéttleika, eins og oft áður, og var þéttleiki þeirra sá mesti sem sást í rannsókninni 2009, nokkuð var einnig af árgömlum bleikjuseiðum á þessum stað (tafla 2, mynd 3b).

Í Reykjaá var rafveitt milli gömlu brúar og ræsis (mynd 1, staður 1). Þar veiddust haustið 2009 þrír árgangar bleikjuseiða, vorgömul til tveggja ára, en þéttleiki þeirra reyndist frekar lítill (tafla 2, mynd 3c).

Í Brúnastaðaá var veitt neðan við brúna yfir ána (mynd 1). Þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða var nokkuð mikill eins og undanfarin ár (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST/09018; Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST/07034), dálítið fannst einnig af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 3c).

Meðallengd og -þyngd laxaseiðanna í Fljótaá haustið 2009 var í meðallagi og áþekk stærð jafnaldra þeirra síðustu tvö ár (töflur 3 og 4). Ástand þeirra var mjög gott og vel yfir viðmiðunarmörkum (tafla 5).

Bleikjuseiðin voru einnig flest í meðallagi, einkum voru það seiðin í Brúnastaðaá sem voru smá, en þó ekki mikið smærri en undanfarin ár (tölur 6 og 7). Ástand bleikjuseiðanna eða holdafar var einnig allgott og svipað því sem verið hefur síðustu ár (tafla 8).

Mest lífþyngd laxaseiða var við neðri rafstöðina eins og á síðasta ári (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson VMST/09018) en þar var mesti þéttleiki tveggja ára seiða í ánni og töluvert af eins árs seiðum. Við Bjarnargil var ekki mikið minni lífþyngd en þar var mesti þéttleiki eins árs seiða auk þess sem þar fundust tveggja ára seiði sem veга ansi þungt í slíkum útreikningum vegna stærðar sinnar (tafla 9). Í heild var vísitala lífþyngdar laxaseiða í Fljótaá nokkru lægri haustið 2009 en 2008 sem byggist einkum á minni þéttleika tveggja ára laxaseiða.

Vísitala lífþyngdar bleikjuseiða var hæst ofan ræsis í Hvammslæk (stöð 3) en þar var langmestur þéttleiki eins árs seiða auk þess sem þar fannst næstmesti þéttleiki vorgamalla seiða. Hæst lífþyngd vorgamalla bleikjuseiða mældist hinsvegar í Skeiða og tveggja ára við Bjarnargil (tafla 10). Lífþyngd bleikjuseiða í Fljótaá var nokkuð lægri en síðustu ár en minna hefur fundist af eldri árgöngum bleikjuseiða (tölur 2 og 10).

## **Veiðin 2009**

Met var slegið í laxveiði í Fljótaá sumarið 2009 þegar 466 laxar veiddust (tafla 11). Frá árinu 1974 hafði mesta veiði verið 388 laxar sumarið 1990 (Guðni Guðbergsson, VMST/09035). Um 84% laxanna, sem flestir voru hængar, var sleppt aftur í ána (tölur 11 og 12). Þar sem svo háu hlutfalli er sleppt og þyngd stórs hluta veiddra laxa því ekki skráð er erfiðara að segja til um hlutföll stórlaxa í veiðinni, af þeim lögum sem þyngd var skráð á voru um 24% stórlaxar. Vikuleg laxveiði var nokkuð jöfn frá miðjum júlí fram yfir miðjan september þegar um 45 laxar veiddust að meðaltali á viku, áberandi mest var veiðin þó í lok júlí og byrjun ágúst (mynd 4).

Sumarið 2009 veiddust 1255 bleikjur og ekki hafa veiðst eins margar bleikjur í Fljótaá síðan 1997 (Guðni Guðbergsson, VMST/09035) en þá gætti hugsanlega enn að einhverju leyti áhrifa þess að stíflan var opnuð og mikið fór niður í ána af bleikju úr



Stífluvatni. Rúmlega 200 bleikjum var sleppt aftur í ána (tafla 11). Þyngd var aðeins skráð á litlum hluta þeirra en þær voru flestar um 0,5 – 1 kg. Bleikjuveiðin var mest í júlí en einnig veiddist töluvert seinnihluta ágúst og í kringum miðjan september (mynd 4). Að meðaltali veiddust um 97 bleikjur á viku allt veiðitímabilið.

## Umræður

Ekki hafði verið búist við þeirri metveiði sem varð í Fljótaá sumarið 2009, að baki henni stóðu ekki mjög stórir árgangar gönguseiða og þá sér í lagi ekki smálaxahluta hennar. Einstaklega ánægjulegt er að sjá hve vel stórlaxarnir úr göngunni 2007 skiluðu sér úr hafi í ljósi þess að smálaxagöngur sumarsins 2008 voru ekki mjög miklar. Undanfarin ár hefur verið lítill taktur á milli fjölda seiða sem gengur úr Fljótaá og veiði sumrin tvö þar á eftir, sum árin hafa heimtur verið mjög slæmar en síðan koma góð ár inn á milli þar sem heimtur úr sjónum eru mun betri en búast hefði mátt við eins og nú varð raunin. Miklum hluta laxanna sem veiddust 2009 var sleppt aftur í ána eins og gert hefur verið undanfarin ár. Hluti laxanna veiðist oftár en einu sinni en á móti kemur að aðeins er veitt á flugu og dregur það úr veiðisókn, því er ekki hægt að skrifa slíka gífurlega aukningu í veiði 2009 á veiða-sleppa fyrirkomulagið þó eitthvað hjálpi það til. Víða á norðurlandi var mikil veiði sumarið 2009 en á flestum stöðum stóðu þó mun sterkari seiðastofnar að baki þeim árangri en í Fljótaá, augljóst er að aðstæður í hafi hafa verið einstaklega góðar og vonandi að svo verði áfram.

Laxaseiðastofnar Fljótaár hafa verið nokkuð sveiflukenndir undanfarin ár og stundum verið vöntun á náttúrulegri nýliðun á stórum árköflum, sérstaklega í efri hluta árinna. Frá 2002 hafa laxastofnar árinna náð sér nokkuð upp þó síðustu tvö ár hafi verið nokkuð minna af seiðum í ánni, þau ár var þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða nokkurnvegin sá sami en 2009 var mun minna af tveggja ára seiðum. Ganga seiða úr ánni hefur verið þokkaleg vorið 2009 og í raun mun betri en sú frá vorinu 2008 sem stóð svo óvænt undir metveiði. Hinsvegar verður gönguárgangur vorsins 2010 líklega heldur minni. Vorgömlu og eins árs seiðin voru í sæmilegum þéttleika og mjög vel dreifð um ána. Mikilvægt er að vorgömul laxaseiði skuli hafa fundist á öllum hefðbundnum rafveiðistöðum í Fljótaá en það hefur ekki alltaf verið reyndin undanfarin ár. Koma mun í ljós í rafveiðum næstu ára hversu vel þau skila sér milli

ára í ánni. Þá verður spennandi að fylgjast með afkomu hrygningarinnar frá haustinu 2009 sem ætti að hafa verið mjög góð þar sem svo margir laxar voru í ánni.

Ekki hafa veiðst þriggja ára laxaseiði í Fljótaá síðan haustið 2004, árin þar á undan gengu seiði til sjávar að mestu leyti vorið sem þau voru fjögurra ára. Undanfarin ár hefur tíðarfar batnað nokkuð og seiði þar af leiðandi vaxið mjög vel í flestum ám á norðurlandi. Nú er svo komið að seiði ganga alfarið úr Fljótaá þriggja ára en dæmin í öðrum ám sýna að ekki þarf mikið til að einstakir árgangar nái ekki nægum þroska til þess og fari ekki fyrren við fjögurra ára aldur.

Bleikjuveiði var einnig einstaklega góð í Fljótaá sumarið 2009, sú mesta sem sést hefur í fjöldamörg ár. Heildarþéttleiki bleikjuseiða í Fljótaá sjálfri hefur verið um eða undir meðallagi síðustu ár. Þó hafa vorgömul seiði verið í nokkuð góðum þéttleika undanfarin tvö ár og vel dreifð um vatnakerfið. Hliðarárnar hafa verið að nýtast mjög vel sem uppeldissvæði seiða og þá sérstaklega bleikjuseiða. Brúnastaðaá og Reykjaá hafa náð sér nokkuð vel á strik aftur, þær eru þó nokkuð kaldari en Fljótaá og seiðin þar vaxa hægar en í Fljótaánni sjálfri og kynslóðabilið þar því aðeins lengra.

Í rafveiðunum 2009 veiddist í fyrsta skipti í Fljótaá nýr landnemi á Íslandi, ósakoli og fannst hann rétt ofan við þjóðvegsbrúna. Hrygning ósakola við Ísland var fyrst staðfest árið 2002 þó stærri fiskar hafi veiðst 1999, en þeir voru þá taldir flækingar. Fyrstu árin var ósakolann aðallega að finna á suðvesturhorni landsins og þéttleiki hans ekki mikill, undanfarin ár hefur hann hinsvegar dreift sér allverulega í báðar áttir auk þess sem þéttleiki hefur aukist gríðarlega. Ósakoli veiddist fyrst á Ströndum sumarið 2005 og var þá búist við að hann myndi fljótlega finnast víðar við norðurland en það virðist hafa tekið hann nokkurn tíma að færa sig austar eftir norðurströndinni. Sumarið 2009 veiddist ósakoli ekki aðeins í Fljótaá heldur einnig við hefðbundnar rafveiðar í Steinsstaðaá sem rennur í Miðfjarðará auk þess sem hann hefur veiðst í net í Miklavatni í Borgarsveit. Ósakoli hrygnir í sjó en seiðin alast upp á ósasvæðum og fara töluvert upp í ferskvatn fyrstu árin og dvelja þar í einhvern tíma. Þau nýta svipuð búsvæði og seiði laxfiska og getur landnám kolategundarinnar því aukið samkeppni um bæði fæðu og pláss í ánum, sér í lagi á ósasvæðum þó einnig séu dæmi um að kolinn fari langt inn í land. Minna er um að stærri fiskur fari upp í ár en þar sem hann gerir það gæti hann stundað afrán á litlum laxfiskaseiðum. Fylgst hefur verið náið

með landnámi ósakola á Íslandi og verður því haldið áfram, meðal annars til að kanna hvaða áhrif hann hefur á lífríki áa þar sem hann nemur land. Nái ósakolinn góðri fótfestu á norðurlandi gæti vatn eins og Miklavatn í Fljótum nýst honum vel sem búsvæði og því nauðsynlegt að halda vel utan um alla veiðiskráningu í vatninu nú sem endranær til að fylgjast sem best með því landnámi og áhrifum ósakolans á aðrar fisktegundir.

Aðstæður í hafi voru einstaklega góðar fyrir lax á síðasta ári og var það frekar slök ganga seiða úr ánni vorið 2008 sem stóð undir smálaxahluta metveiðinnar sumarið 2009 þá voru heimtur af stórlaxi úr seiðagöngu vorsins 2007 einnig mjög góðar. Sá árgangur sem gekk úr ánni 2009 og kemur til baka 2010 sem smálax var einn sá besti sem sést hefur í allmörg ár í Fljótaá og töluvert betri en árgangurinn á undan. Ekki er hægt að vænta svo gífurlega góðra endurheimtna aftur en verði aðstæður í hafi góðar er þó tilefni til nokkuð mikillar bjartsýni hvað varðar veiðisumarið 2010 þegar einnig koma til baka stórlaxar úr göngunni 2008.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2009.

Staður	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	258	0,39			
Efri viðmiðunarstaður	225	9,33	0,89		
Neðri rafstöð	88	3,41	2,27	2,27	
Við Bjarnargil	186	0,54	4,30	0,54	
Ós	137	2,20	0,73		
Straumlækur st 1	148	0,68	0,68	0,68	
Hvammlækur st 3	76				
Hvammlækur st 4	98				
Skeiðá	152		0,66		
Reykjaá st 1	196				
Brúnastaðaá	300				

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2009.

Staður	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	258	3,49			
Efri viðmiðunarstaður	225	5,33			
Neðri rafstöð	88	13,64	1,14	1,14	
Við Bjarnargil	186	10,75	2,15	1,61	
Ós	137	0,73			
Straumlækur st 1	148	12,84	4,73		
Hvammlækur st 3	76	23,68	13,16		
Hvammlækur st 4	98	16,41			
Skeiðá	152	40,13	1,97		
Reykjaá st 1	196	0,51	2,55	1,02	
Brúnastaðaá	300	15,67	1,00		

**Tafla 3:** Meðallengd (cm) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	4,20		1									
Efri viðmiðunarstaður	4,29	0,26	21	9,45	0,21	2						
Neðri rafstöð	4,27	0,21	3	8,85	0,49	2	9,90	0,14	2			
Við Bjarnargil	4,80		1	8,83	0,41	8	11,70		1			
Ós	4,30	0,00	3	9,00		1						
Straumlækur stöð 1	3,60		1	7,30		1	9,80		1			
Hvammlækur stöð 3												
Hvammlækur stöð 4												
Skeiðá				7,70		1						
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	4,28	0,27	30	8,75	0,64	15	10,33	0,92	4			

**Tafla 4:** Meðalþyngd (g) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	0,80		1									
Efri viðmiðunarstaður	0,84	0,17	21	8,90	1,13	2						
Neðri rafstöð	0,93	0,15	3	8,15	2,05	2	10,65	0,07	2			
Við Bjarnargil	1,30		1	7,59	0,98	8	18,90		1			
Ós	0,83	0,06	3	7,00		1						
Straumlækur stöð 1	0,60		1	4,40		1	11,50		1			
Hvammlækur stöð 3												
Hvammlækur stöð 4												
Skeiðá				4,50		1						
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	0,86	0,18	30	7,38	1,60	15	12,93	4,00	4			

**Tafla 5:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,08		1									
Efri viðmiðunarstaður	1,05	0,07	21	1,05	0,06	2						
Neðri rafstöð	1,20	0,11	3	1,16	0,10	2	1,10	0,04	2			
Við Bjarnargil	1,18		1	1,10	0,03	8	1,18		1			
Ós	1,05	0,07	3	0,96		1						
Straumlækur stöð 1	1,29		1	1,13		1	1,22		1			
Hvammslækur stöð 3												
Hvammslækur stöð 4												
Skeiða				0,99		1						
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	1,08	0,09	30	1,09	0,07	15	1,15	0,07	4			

**Tafla 6:** Meðallengd (cm) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	5,79	0,55	9									
Efri viðmiðunarstaður	5,74	0,45	12									
Neðri rafstöð	5,44	0,55	12	7,60		1	12,60		1			
Við Bjarnargil	5,19	0,47	20	9,78	0,70	4	12,63	0,93	3			
Ós	4,40		1									
Straumlækur stöð 1	5,05	0,54	18	10,61	1,75	7						
Hvammslækur stöð 3	4,94	0,57	18	8,94	0,88	10						
Hvammslækur stöð 4	4,66	0,46	16									
Skeiðá	5,52	0,45	61	11,40	1,23	3						
Reykjaá stöð 1	5,70		1	7,62	0,80	5	10,35	0,21	2			
Brúnastaðaá	3,44	0,37	47	6,80	0,20	3						
Samtals	4,90	1,00	216	9,18	2,32	33	11,87	4,64	6			

**Tafla 7:** Meðalþyngd (g) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,84	0,51	9									
Efri viðmiðunarstaður	1,68	0,38	12									
Neðri rafstöð	1,53	0,39	12	4,20		1	22,10		1			
Við Bjarnargil	1,35	0,39	20	9,45	2,02	4	20,27	6,10	3			
Ós	0,90		1									
Straumlækur stöð 1	1,26	0,39	18	13,67	6,93	7						
Hvammslækur stöð 3	1,23	0,55	18	7,39	2,27	10						
Hvammslækur stöð 4	0,89	0,24	16									
Skeiðá	1,54	0,46	61	15,00	5,30	3						
Reykjaá stöð 1	1,60		1	4,26	1,90	5	10,05	0,64	2			
Brúnastaðaá	0,35	0,02	47	2,87	0,31	3						
Samtals	1,19	0,62	216	8,68	5,57	33	17,17	8,96	6			

**Tafla 8:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	0,93	0,07	9									
Efri viðmiðunarstaður	0,87	0,06	12									
Neðri rafstöð	0,94	0,14	12	0,96		1	1,10		1			
Við Bjarnargil	0,95	0,12	20	1,00	0,07	4	0,98	0,07	3			
Ós	1,06		1									
Straumlækur stöð 1	0,95	0,09	19	1,05	0,10	7						
Hvammlækur stöð 3	0,97	0,09	18	1,01	0,07	10						
Hvammlækur stöð 4	0,87	0,17	16									
Skeiða	0,90	0,11	61	0,99	0,03	3						
Reykjaá stöð 1	0,86		1	0,92	0,12	5	0,91	0,00	2			
Brúnastaðaá	0,93	0,30	47	0,91	0,02	3						
Samtals	0,92	0,17	216	0,99	0,09	33	0,98	0,08	6			



**Tafla 9:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	1+ss	
Bakkavað	0,3					0,3
Efri viðmiðunarstaður	7,9	7,9				15,8
Neðri rafstöð	3,2	18,5	24,2			45,9
Við Bjarnargil	0,7	32,6	10,2			43,5
Ós	1,8	5,1				7,0
Straumlækur stöð 1	0,4	3,0	7,8			11,1
Hvammslækur stöð 3						0,0
Hvammslækur stöð 4						0,0
Skeiðá		3,0				3,0
Reykjaá stöð 1						0,0
Brúnastaðaá						0,0

**Tafla 10:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.


	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Bakkavað	6,4					6,4
Efri viðmiðunarstaður	8,9					8,9
Neðri rafstöð	20,9	4,8	25,1			50,8
Við Bjarnargil	14,5	20,3	32,7			67,5
Ós	0,7					0,7
Straumlækur stöð 1	16,1	64,7				80,8
Hvammslækur stöð 3	29,1	97,2				126,3
Hvammslækur stöð 4	14,6					14,6
Skeiðá	61,7	29,6				91,3
Reykjaá stöð 1	0,8	10,9	10,3			21,9
Brúnastaðaá	5,5	2,9				8,4

**Tafla 11:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa, bleikju og urriða ásamt afla í Fljótaá árið 2009.


	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	466	1255	0
Sleppt	392	201	0
Afli	74	1054	0

**Tafla 12:** Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Fljótaá 2009.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	264	174	28	466
Sleppt	229	140	23	392
Afli	35	34	5	74




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fjötaá og hliðarám.




**Mynd 2a:** Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá og hliðarám haustið 2009.




**Mynd 2b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá og hliðarám haustið 2009.



**Mynd 3a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá haustið 2009.




**Mynd 3b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár 2009.




**Mynd 3c:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Reykjaá og Brúnastaðaá haustið 2009.





Mynd 4: Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Fjórtaárið 2009.





## Veidimálastofnun

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími 580-6300 Símbref 580-6301

[www.veidimal.is](http://www.veidimal.is) [veidimalastofnun@veidimal.is](mailto:veidimalastofnun@veidimal.is)



Ásgarður, Hvanneyri  
311 Borgarnes



Brekkugata 2  
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1  
550 Sauðárkrúkur



Austurvegur 3-5  
800 Selfoss